

# KÁLFAELDI
# KJARNFÓÐUR

LÍFLAND

**Aldur: 3 dagar - 3 vikur**

## 1 Kálfamúslí

*Fóður ætlað smákálfum*

Múslífóður sem ætlað er smákálfum fyrstu þrjár vikur eftir burð. Múslífóðrið er lystugt með sætukeim og til þess fallið að vekja áhuga kálfa á kjarnfóðri. Mælt er með frjálsum aðgangi og þegar kálfur hefur náð tökum á átinu er mælt með að skipta rólega yfir í alikálfafóður.



**Aldur: 4 - 12 vikur**

## 2 Alikálfafóður

*Fóðurbætir fyrir ungkálfa*

Kjarnfóðurblanda með 19% próteini fyrir kálfa að þriggja mánaða aldri. Inniheldur heppilega hráefnasamsetningu sem veitir kálfinum góða vambarfylli og stuðlar að góðum þroska vambar.



**Aldur: 3 -10 mánuðir**

## 3 Kálfaþróttur

*Vaxtarfóður fyrir kálfa*

Kálfaþróttur er kjarnfóðurtegund sérstaklega sniðin að nautgripum á aldrinum 3-24 mánaða. Blandan inniheldur 16% prótein sem er nauðsynlegt fyrir vöðvauppbyggingu kálfsins. Blandan inniheldur hátt hlutfall maís og er því rík af auðmeltri orku og hægmeltum kolvetnum og hægt er að veita frjálsan aðgang að fóðrinu.



**Aldur: 8 vikur fyrir slátrun**

## 4 Bolabætir

*Sterkjuríkt lokafóður fyrir nautgripi*

Bolabætir er hugsaður til gjafar síðustu átta vikur eldistímans. Bolabætir inniheldur 14% prótein og er mun sterkjuríkari en Kálfaþróttur, en fóðrið er til þess fallið að þyngja gripina og auka fitusprengingu og bragðgæði afurðarinnar.



**Aðgangur að vatni** - Öfugt við það sem sumir halda þá þurfa nýbornir kálfar að hafa aðgang að vatni frá fyrsta degi. Aðgangur að vatni er mikilvægur fyrir þroska meltingarfæra og mjólkurfóðrun uppfyllir sjaldnast vatnsþörf kálfanna. Gætið þess að nipplar eða trog séu í passlegri hæð fyrir yngstu kálfana.

## Fóðrunartillaga fyrir kvígu- og nautkálfa

| Aldur | Mjólkurfóðrun | Gróffóðrun | Steinefni | Kjarnfóðrun | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Fóðurtegund | Kvígur | Naut |
| 3 dagar - 3 vikur | Sprayfo Royal | | | Kálfamúslí | Ótakmarkaður aðgangur | Ótakmarkaður aðgangur |
| 4 - 12 vikur | Sprayfol Roal/ Blue | Gróft, þurrt, saxað og alltaf ferskt | | Alikálfafóður | Ótakmarkaður aðgangur | Ótakmarkaður aðgangur |
| 3 - 6 mánuðir | | Af eins góðum gæðum og kostur er á. Kjarnfóðurmagn fer eftir gróffóðurgæðum | | Kálfaþróttur | 1 - 2 kg á dag | 1 kg - Ótakmarkaður aðgangur |
| 6 - 10 mánuðir | | | | Kálfaþróttur | 2 kg/dag - minnkar í 1 kg/dag | Ótakmarkaður aðgangur ef slátrað 8-10 mán. Ef slátrað 24 mán 1-2 kg/dag |
| > 10 mánuðir | | | Biggi, Himag, saltsteinn eða ADE60-Se | Fer eftir gróffóðri | | |
| 8 vikur f. slátrun | | | | Bolabætir | | 1-4 kg/dag eftir gróffóðri* |

Mikilvægt er að naut og kvígur séu ekki fóðruð á sama máta eftir 3ja mánaða aldur vegna júgurþroska verðandi mjólkurkúa. Vaxi kvígur of hratt er hætta á að fitusöfnun komi niður á myndun júgurvefs.

** Ef gróffóður er mjög kröftugt getur Kálfaþróttur í sumum tilfellum hentað betur í lok eldis*